

Leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ábyrgð rekstraraðila

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð ber rekstraraðili að grípa þegar í stað til nauðsynlegra varnaráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni. Rekstraraðili skal einnig, skv. b lið 1. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, grípa tafarlaust til ráðstafana til að takmarka afleiðingarnar fyrir umhverfið og til að fyrirbyggja frekari möguleg óhöpp eða slys

Viðbragðsaðilar vegna umhverfistjóns og/eða bráðamengunar

Tilvik sem krefjast tafarlausra viðbragða s.s. bráðamengun eða slys skulu eftir atvikum tilkynnt eftirfarandi viðbragðsaðilum:

Neyðarlínan (112): Símsvörun og boðun viðeigandi viðbragðsaðila mengunar.

Slökkvilið: Hvers konar mengun á landi sem krefst aðkomu viðbragðsaðila.

Hafnarstjóri: Hvers konar mengun hafs eða stranda innan hafnarsvæða sem krefst aðkomu viðbragðsaðila.

Landhelgisgæslan: Ef um er að ræða hvers konar mengun hafs og stranda utan hafnarsvæða sem krefst aðkomu viðbragðsaðila.

Tilkynningar til Umhverfisstofnunar

Rekstraraðili skal skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð tilkynna til Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Í a-lið 1. mgr. 39. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að rekstraraðili skuli, þegar óhöpp eða slys sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið, upplýsa Umhverfisstofnun tafarlaust um óhappið eða slysið. **Jafnframt skal rekstraraðili skv. 2. mgr. 40. gr. sömu laga upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust ef frávik verða frá starfsleyfi.**

Tilkynningar til Umhverfisstofnunar varðandi atvik sem tilgreind eru hér að framan skulu sendar í tölvupósti á ust@ust.is og innihalda upplýsingar sem fram koma í meðfylgjandi fylgiskjali. Rekstraraðili skal jafnframt senda eftirlitsaðila áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar hefur orðið sbr. 9. gr. laga nr. 55/2012.

Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðilar sem falla undir viðauka 1. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda ber að gera áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda. Samtök Iðnaðarins hafa unnið leiðbeiningar fyrir vinnslu slíks áhættumats og viðbragðsáætlana. Í viðbragðsáætlunum skal tilgreina skýrt og greinilega hvernig tilkynningum til viðbragðsaðila og Umhverfisstofnunar skuli háttað. Mikilvægt er að rekstraraðili meti hvort tilkynna skuli mengunaróhöpp til fleiri aðila, s.s. nággranna eða yfirvalda/stjórnvalda, þá heilbrigðisnefndar eftir atvikum m.t.t. tegund starfseminnar, og staðsetningu viðkomandi svæðis.

Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Sá sem tilkynnir

Nafn og staða (starfsmaður, verktaki, utanaðkomandi aðili)

Kennitala

Sími

Netfang

Tímasetning óhapps

Dagsetning

Klukkan

Ítarupplýsingar

Mengunar var vart klukkan

Vitni, önnur en tilkynnandi (Nafn og sími)

Lýsing mengunar:

- Staðsetning mengunar

- Upptök mengunar

- Mengunarvaldur

- Mengunarefni

- Umfang mengunar (kg, tonn, m³)

Mengunin dreifist í átt til (Gefa upp kennileiti, fjall/fjörð, o.s.frv. (Inn fjörðinn/út))

Veðurfar á staðnum

Hverjum var/verður tilkynnt um óhappið?

Viðbrögð (Hvernig hefur verið brugðist við óhappinu / verður brugðist við óhappinu, ísogsefni)

Annað

Tilkynningar vegna bráðamengunar hafs og stranda

Sá sem tilkynnir

Nafn

Kennitala

Sími

Netfang

Tímasetning óhapps

Dagsetning

Klukkan

Ítarupplýsingar

Mengunar var vart klukkan

Vitni (Nafn og sími)

Staðsetning mengunar

Hnit

Upptök mengunar

Mengunarefni

Umfang mengunar (í tonnum)

Yfir 50 tonn 10 til 50 tonn 5 til 10 tonn 0 til 5 tonn

Umfang mengunar (í fermetrum)

Meira en hektari 1000 til 10.000 m² 100 til 1000 m² 0 til 100 m²

Mengunin dreifist í átt til (Gefa upp kennileiti, fjall/fjörð, o.s.frv. (Inn fjörðinn/út))

Rekát

Rekhraði

Veðurfar á staðnum

Skip í nágrenninu

Mengunarvaldur

Hverjum var/verður tilkynnt um óhappið?

Viðbrögð (Hvernig hefur verið brugðist við óhappinu / verður brugðist við óhappinu, ísogsefni)

Annað